



Til: petur@sudavik.is
Afrit: at@verkis.is
Efni: Re: Fw: Umsagnarbeiðni
Upplýsingar: Sent: 07.04.2017 17:10:33 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017030035, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2017030035

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts. Eins og málið er lagt fram er hér um drög að ræða og endanleg útfærsla ekki ákveðin. Náttúrufræðistofnun telur ólíklegt að þessar framkvæmdir hafi neikvæði áhrif á seli umfram það sem nú er en þó er rétt að taka tillit til selanna eins og hægt er og stilla framkvæmdir inn á þann tíma árs sem hætta af truflun er sem minnst (urtur landsels kæpa í maí/júni og fengitími er í ágúst september). Líklega best að hafa samband við staðkunnuga hvað þetta varðar.

Bæði umferðaröryggi og minjar eru fyrir utan hlutverk Náttúrufræðistofnunar (nema minjar í tegnslum við sérstakt náúrufar þar sem það á við) en telja má að framkvæmdirnar verði frekar til bóta vegna umferðar og hættu á slysum en fornleifar eru á svæðinu og þarf að hafa samband við rétta aðila, væntanlega Minjastofnun, vegna þeirra.

kv.

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Dags: 29.03.2017 11:37:39
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Umsagnarbeiðni

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 29.03.2017 11:36 -----

From: Árni Traustason <at@verkis.is>
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Cc: Pétur Georg Markan <petur@sudavik.is>
Date: 29.03.2017 11:33
Subject: Umsagnarbeiðni

Góðan daginn

Súðavíkurreppur fyrirhugar að koma upp áningarstað ferðamann við Hvítanes í Ísafjarðardjúpi.


Ástæðan fyrir því er sú að á staðnum safnast ferðamenn saman í töluverðum mæli þar sem þeir fylgjast með dvalarstað sela á klöppunum þar skammt undan. Það veldur slyshættu þar sem fólkið safnast á veginn.

Óskað er eftir umsögn/afstöðu Náttúrufræðastofnunar um þessar framkvæmdir vegna nálægðar við dvalarstað selanna.

Í viðhengi er ófullgerður uppdráttur af svæðinu þar sem afstaðan kemur fram.

Með bestu kveðjum

Árni Traustason

Skipulags-og byggingarfulltrúi Súðavíkurhrepps  - a2-hvitanes-frumdrog sudavikurhreppur.pdf